

**Ársskýrsla
árið 2015-2016**

Leikn
**Samtök fullorðins-
fræðsluaðila á Íslandi**



Skýrsla stjórnar lögð fyrir
12. aðalfund Leiknar, 19. apríl 2016

Eftirfarandi eru helstu viðfangsefni og viðburðir í starfi Leiknar á starfsárinu 2015-2016.

1. Aðalfundur Leiknar 2015

Aðalfundur Leiknar-samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, fyrir starfsárið 2014-2015 var haldinn hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum miðvikudaginn 27. maí kl. 15. Aðalfundurinn var haldinn í tengslum við sameiginlega ráðstefnu Leiknar og Kvasir um þróun upplýsingatækni í fullorðinsfræðslu sem bar yfirskriftina: Þurfa kennarar að vera tæknitröll? Mættir voru 11 af 19 stofnaðilum eða alls 15 þátttakendur. Gengið var til boðaðrar dagskrár en fundarstjóri var kosinn Smári Haraldsson og fundarritari skipaður Hulda A. Arnljótsdóttir.

Eyrún Valsdóttir, þáverandi formaður kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir verkefni starfsársins. Stjórnarfundir voru í auknu mæli blanda af staðbundnum fundum og fjarfundum og ákvarðanir oft teknar í tölvupóstum. Fundarmenn voru



sammála um að fjarfundir og umræða á netinu væru ígildi stjórnarfunda ef til þeirra væri boðað með fyrirvara, formlegri dagskrá og fundargerð rituð. Farið var yfir efni fjarfræðsluerinda sem mælast vel fyrir. Þá var stiklað á stóru yfir verkefni ársins s.s. þátttöku í vinnuhópi um íslenska hæfnirammann, norrænt raunfærni-matsverkefni um lykilhæfni og Nordic Baltic samstarfsvettvanginn. Rætt var um fyrri stefnumótunar-hugmyndir og sagt frá að horfið hafi verið frá því að bjóða öllum aðilum sem sinna fræðslu fullorðinna, og uppfylla skilyrði fyrir inngöngu, aðild að Leikn. Skynsamlegra þygi að taka smá skref á meðan skipulags- og kerfisbreytingar standa yfir í fullorðins- og framhaldsfræðslu s.s með innleiðingu íslenska hæfnirammans og aldurstakmörkunum í bóklegt nám. Þá var ársreikningur samþykktur og árgjald samþykkt óbreytt. Ekki var hægt að afgreiða fyrirbyggjandi lagabreytingar á fundinum þar sem skilyrði um þátttöku $\frac{3}{4}$ stofnaðila var ekki mætt.

Nýr formaður var kosinn á fundinum og bauð Hulda Anna Arnljótsdóttir sig ein fram. Tvö úr stjórn gáfu ekki kost á sér áfram eða þau Hildur Betty Kristjánsdóttir og Smári Haraldsson og voru þeim og Eyrún Valsdóttur færðar þakkir fyrir þeirra vinnu. Áfram sátu í stjórn Guðrún Lárusdóttir, Guðrún Vala Elísdóttir og Sólveig Hildur Björnsdóttir. Þrír nýir stjórnarmenn komu inn þau Þuríður Sigurðardóttir frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða og í varastjórn Helga Gísladóttir frá Fjölmenn og Ólafur Ástgeirsson frá Iðunni Fræðslusetri. Ný stjórn skipti með sér verkum eins og samþykktir félagsins kveða á um.

Stjórn Leiknar var þannig skipuð starfsárið 2015-2016:

Hulda Anna Arnljótsdóttir – formaður (Fræðslusetrið Starfsmennt)

Sólveig H. Björnsdóttir – varaformaður (Framvegis- miðstöð símenntunar)

Guðrún Lárusdóttir – gjaldkeri (Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands)

Þuríður Sigurðardóttir – meðstjórnandi (Fræðslumiðstöð Vestfjarða)

Guðrún Vala Elísdóttir – ritari (Símenntunarmiðstöð Vesturlands)

Helga Gísladóttir – varamaður (Fjölmenn)

Ólafur Ástgeirsson – varamaður (Iðan – fræðslusetur)

Ákveðið var á fyrsta fundi nýrrar stjórnar að varamenn tækju þátt í öllum fundum. Ný stjórn hélt fimm stjórnarfundum á starfsárinu 2015-2016, sem allir voru haldnir í Reykjavík fyrir utan einn netfund í janúar um norrænt samstarfsverkefni. Allar fundargerðir stjórnar eru birtar á netinu þegar að þær hafa verið samþykktar af stjórnarmönnum. Á vefsíðu Leiknar má einnig finna önnur gögn, skýrslur og vefslóðir sem tengjast starfsemi. Alltaf var boðað til stjórnarfunda með dagskrá og greiðir Leikn ferðakostnað stjórnarmanna sem koma um langan veg.


Hér á eftir fara helstu verkefni stjórnar, starfsárið 2015 – 2016.

2. Helstu verkefni stjórnar

2.1. Fræðsluerindi og veffréttabréf

Leikn skipulagði sjö fjarfræðsluerindi á starfsárinu og voru þau með sama sniði og áður. Markmiðið með fjarfræðsluerindunum er að ná til þeirra sem vinna að fullorðinsfræðslu með stuttum innsögum um það sem efst er á baugi hverju sinni. Hvert erindi er um 40 mínútna langt og samanstendur af fyrirlestri gestafyrirlesara og umræðum. Erindin eru flutt í gegnum Adobe Connect hugbúnað. Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og eru allar upptökur aðgengilegar á heimasíðu Leiknar. Veffréttabréf voru send út mánaðarlega til að kynna fjarfræðsluna, málþing eða annan fróðleik.

Fjarfræðsluerindin voru haldnir mánaðarlega frá október og út apríl. Öllum starfsmönnum stofnaðila var boðið til þátttöku en einnig var hægt að horfa á útsendingu hvar og hvenær sem er á vef Leiknar. Þátttakendur voru á bilinu 13 – 35 en ekki var alltaf vitað hve margir tóku beinan þátt því sent var í tölvur sem ýmist einstaklingar fylgdust með eða stærri hópar.



Fjarfræðsluerindin voru:

Þriðjudagur 6. október 2015: **Áshildur Linnet frá Rauða krossinum**, verkefnisstjóri málefna hælisleitenda og flóttamanna, fjallaði um það fræðslu- og aðlögunarferli sem er til staðar fyrir aðflutta flóttamenn sem koma til Íslands og aðkomu Rauða krossins að því. Um 26 áheyrendur skráðu sig til leiks.

Þriðjudagur 3. nóvember 2015: **Guðríður Helgadóttir, brautarstjóri starfs- og endurmenntunardeildar LbHÍ og staðarhaldari skólans á Reykjum** (Garðyrkjuskóli ríkisins) fjallaði um hugtakið umskólun út frá aukinni aðsókn fullorðinna í skólann og velti fyrir sér hvernig námið nýttist þeim. 14 þátttakendur tóku þátt en tvær símenntunarmiðstöðvar nýttu fyrirlesturinn sem hópútsendingu fyrir sitt starfsfólk.

Priðjudagur 15. desember 2015: **Bergþóra H. Guðjónsdóttir, kynningarstjóri Fræðslusetursins Starfsmenntar**, fjallaði um Markaðssetningu á netinu og hvernig nálgast má nýja markhópa með ólíkum aðferðum. 18 skráðu sig til leiks og þar af tvær símenntunarmiðstöðvar með fleiri þátttakendur á bak við útsendinguna.

Priðjudagur 12. janúar 2016: **Bjarki Þór Jónsson, sérfræðingur í upplýsingatækni og framhaldsskólakennari við Fjölbrautaskólann í Ármúla**, fjallaði um Leikjavæðingu (gamification) í námi. Skoðað var hvernig sú kennsluáðferð er að þróast, í hverju hún felst, hvaða aðferðum er beitt og hvernig hún nýtist. 18 manns skráðu sig og þar af fleiri þátttakendur hjá tveimur símenntunarmiðstöðvum.

Priðjudagur 16. febrúar 2016: **Lóa Hrönn Harðardóttir, náms- og starfsráðgjafi við Fjölbrautaskólann á Suðurlandi** og starfsmaður við fangelsin, talaði um menntun fanga og þá námsmöguleika sem standa þeim til boða. 26 tóku þátt og fjölmenni var við 3 útsendingar.

Priðjudagur 8. mars 2016: **Björg Valsdóttir, skrifstofustjóri hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt** fjallaði um námskerfi og innri vef setursins sem býður upp á marga möguleika til að halda utan um starfstengt nám og efla virkni í netnámi. 14 tóku þátt og þar af tvær símenntunarmiðstöðvar með fleiri áheyrendur.

Priðjudagur 26. apríl 2016: **Ólafur Ástgeirsson, sviðstjóri bygginga- og mannvirkjasviðs hjá Iðunni** fræðslusetri fjallaði um áætlanagerð í verkefnum.

2.2. Innra starf Leiknar

Stjórn Leiknar fundaði um ýmis innri málefni á árinu sem tengjast verkaskiptingu, skipulagi og starfsáætlun. Á stjórnarfundi í september voru eldri stefnumótunarplögg skoðuð og farið yfir hagnýt atriði eins og breytingu á lögheimili, skráningu til Ríkisskattstjóra á nýrri stjórn og félagatal uppfært. Stjórn skoðaði hvernig vinna mætti með verkefnahugmyndir frá fyrri stefnumótunarvinnu s.s:

- Hvernig opnum við vettvanginn betur og verðum sýnilegri?
- Hvernig eflum við fagmennsku í fullorðinsfræðslu?
- Hvernig sinnum við betur nýsköpun í fullorðinsfræðslu?

Rætt um hvort og hvernig fjölga mætti nýjum félögum og hafði stjórn samband við nokkra fyrri aðildarfélaga og minnti á hlutverk Leiknar. Halda þarf þeirri vinnu áfram og og skerpa á þeim áherslum sem sameina fullorðinsfræðsluaðila svo þeir sjái sér hag í upplýsinga- og samstarfsvettvangi eins og Leikn er. Einnig var rætt um að fjölga aðildarfélögum sem vinna á breiðari vettvangi að fræðslumálum fullorðinna s.s. fyrirtækjaskólar og önnur fræðslufyrirtæki sem uppfylla skilyrði aðildar. Ný stjórn taldi ekki tímabært að nálgast fyrirtæki á almennum markaði að þessu sinni heldur kaus, eins og fyrri stjórn, að bíða með þá vinnu og sjá hverju fram vindur í þróun málaflokksins. Stjórnarmenn vildu leggja áherslu á að þjónusta vel þann vettvang sem fyrir er m.a. með fræðslu- og upplýsingastarfi, áður en starfsemin er víkkuð út.

Kynningarmál Leiknar voru einnig rædd á stjórnarfundum. Almennt er Leikn ekki vel þekkt út á við en hefur þess í stað lagt áherslu á að ná til félagsmanna í gegnum mánaðarlegar útsendingar veffréttabréfa og fjarfræðsluerinda. Áhersla stjórnar hefur verið á að ná til bæði starfsmanna og stjórnenda með fræðslu, verkefnum og upplýsingamiðlun. Varðandi öflugt kynningarstarf út á við þá þarf að hafa það í huga að Leikn eru áhuga- og leikmannasamtök sem stunda ekki rekstur né halda úti skrifstofu. Hjá Leikn vinna allir sjálfboðastarf samhliða eigin störfum og kynningar- og markaðsstarf tekur mið að því. Stjórnarmenn eru sammála um að stíga fram til að vinna að uppbyggingu framsækinnar fullorðinsfræðslu og ítreka sameiginlegar áherslur til almannaheilla, þegar tækifæri gefst og við á.

Leikn á í margvíslegu samstarfi við fræðsluaðila, stjórnvöld og stofnanir á sviði menntunar. Leikn nýtur góðs af samstarfi aðildarfélaganna og við önnur skyld félög og stofnanir sem styðja við framkvæmd fullorðinsfræðslu. Sérstaklega hafa Kvasir og Leikn haft gott samstarf sín á milli um sameiginleg málefni og fundi. Hinsvegar er Leikn ekki í formlegu sambandi við stjórnkerfið s.s. mennta- og menningarmálaráðuneyti mögulega vegna þess að starfsemi Leiknar fellur ekki einhliða undir þau lög sem ráðuneytið starfar eftir. Leikn mun þó halda vöku sinni þegar kemur að álitsgerðum og sameiginlegum hagsmunum fullorðinsfræðsluaðila og leitast við að láta rödd þessa breiða málaflokks heyrast þegar stjórnsýsluákvæðanir eru undirbúnar og teknar. Ævinám og fullorðinsfræðsla í margvíslegum myndum er enn vaxandi vettvangur s.s. með þróun upplýsingatækni og í ljósi örra samfélagslegra breytinga. Áskoranir í ævinámi eru margar og því leggur Leikn áherslu á að halda á lofti víðri nálgun á menntun og ævinámi, út frá lýðræðislegum gildum eins og jafnræði, aðgengi og þátttöku.

2.3. Íslenski hæfniramminn

Leikn hefur tekið þátt í þróun íslenska hæfnirammans fyrir nám og störf allt frá árinu 2013. Um hefur verið að ræða samstarf fjölda hagsmunaaðila utan hins formlega skólakerfis. Á þessum tíma hefur vinnuhópur sem mennta- og menningarmála- ráðuneytið skipaði til að koma með tillögur að námslokum innan framhaldsfræðslunnar, unnið margskonar starf. Hópurinn vann drög að lýsingum um stigvaxandi hæfni á neðri þrepum rammans sem

ISQF level	Examples of Qualifications	EQF level		
7	Doctorate degree	8		
6	Master and Candidatus degree	7		
5	Bachelor degree	6		
4	Diploma at higher education level	Additional studies at upper secondary level	5	
3	Matriculation examination	Preliminary higher education	Vocational examination for professional rights	4
2	Upper secondary school leaving certificate, other final examinations	Vocational qualification for professional rights	3	
1	Upper secondary school leaving certificate, other final examinations, compulsory school final examination	1 & 2		

talið var að gæti nýst við námskrárgerð. Þá hafa fulltrúar Leiknar sótt fjölda samráðsfunda sem Rannís hefur leitt um málefni 1. og 4. stigsins og er því starfi ekki lokið. Þá hefur Leikn tekið þátt í bréfaskriftum til ráðuneytisins og til Rannís þar sem ítrekuð hefur verið nauðsyn þess að breikka 1. þrepið til auðvelda innkomu í nám og mati á námi á því þrepi. Bæði hefur verið bent á efnisleg atriði

og spurt út í vinnulag og væntingar um endanlega útkomu. Leikn tók þátt í sameiginlegu bréfi til ráðherra sem sent var í september 2015 þar sem spurt var um hvort stefnt væri að einum heildstæðum ramma ævináms eða hvort ráðuneytið hygðist hafa tvo ramma. Ósk Leiknar og samstarfsaðilanna er að ramminn og hæfniviðmiðin sem þar eru sett upp endurspegli og þjóni fjölbreyttum og sveigjanlegum vinnumarkaði, þar sem störf eru í örri þróun. Ramminn á að geta eflt samstarf skóla og atvinnulífs og tryggt markvissa hæfniuppbyggingu með skýrum námsleiðum og mati á raunfærni. Í bréfinu er ítrekuð eftirfarandi ósk aðila utan formlega skólakerfisins: „Ef hæfniramminn á að ná til alls menntakerfisins eins og markmiðið vísar til þá verður að leiða áframhaldandi vinnu með það í huga, að sjónarmið og hagsmunir þeirra skólastiga og kerfa sem ekki komu að vinnunni við þróun þess ramma sem nú liggur fyrir, séu tekin til greina (bréf dags. 23. sept. 2015). Svarbréf barst frá mennta- og menningarmálaráðherra í janúar 2016 þar sem tekið var undir sjónarmið bréfitara. Vinnan í kringum íslenska hæfnirammann heldur því áfram og búast má við útgáfu hæfnilýsinga sem fullorðinsfræðslan getur nýtt við hönnun náms.

2.4. Umræður um lagabreytingar

Stjórn Leiknar fékk verkefni frá fyrri stjórn um að útfæra betur þær lagabreytingar sem lagðar voru fyrir aðalfund 2015. Sá aðalfundur gat ekki tekið tillögur að lagabreytingum til efnislegrar meðferðar þar sem ekki væri nægilegur fjöldi aðildarfélaga mættur. Nýrri stjórn var því falið að skoða lögin og kynna á ný. Fyrri stjórn hafði unnið að lagabreytingum sem vörðuðu breytingu uppgjörsári bókhalds þannig að samræmi væri á milli reksturs og starfsárs (11. gr). Einnig voru lagðar fram tillögur um hvernig segja mætti sig úr félaginu (6. gr.), orðalagsbreyting um „gerðabók“ fundargerða (9. gr.) og hvenær árs ætti að halda aðalfund. Ný stjórn fór yfir tillögurnar og fannst ekki ástæða til að fylgja þeim eftir þar sem þær voru oft þrengri en ákvæði í núverandi samþykktum félagsins. Ný stjórn taldi betra að hafa greinar samþykkt félagsins víðari og þar með sveigjanlegri til að geta mætt óvæntum aðstæðum. Mest var þó rætt um 11. greinina og hvort og þá hvernig samræma ætti rekstrarár og starfsár. Nauðsynlegt þótti að miða rekstrarárið við almanaksár því það er einfaldara og algengara. Þá þótti ekki heppilegt að skipta um stjórn í upphafi árs og miða starfsárið þannig við áramót. Það var því niðurstaða núverandi stjórnar að bera ekki þessar lagabreytingar upp aftur, þar sem þær eru þrengri en núverandi samþykktir og hafa í raun ekki reynst hamlandi í framkvæmd. Stjórn Leiknar taldi að þar sem félagið væri ekki stórt og sjaldan mikil kúvending í samsetningu stjórnar væri ekki þörf á þessum lagabreytingum að þessu sinni.

2.5. Alþjóðlegt samstarf

Leikn tekur bæði þátt í norrænu og evrópsku samstarfi á sviði fullorðinsfræðslu og miðlað niðurstöðum og verkefnahugmyndum innanlands. Leikn hefur lengi verið aðili að Nordic-Baltic samráðshópi um þróun fullorðins- og alþýðufræðslu þar sem norðurlöndin eiga fulltrúa ásamt fulltrúum frá Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Þessi hópur hittist 3-4 sinnum á ári en Ísland hefur sótt 1-2 fundi. Á starfsárinu sóttu formaður og gjaldkeri fund samtakanna í Kaupmannahöfn 17.-18.

desember 2015 og var sá fundur um margt öðruvísi en aðrir fundir þar sem einungis álitamál sem fullorðinsfræðslan stendur frammi fyrir voru rædd.

Fundurinn taldi mikilvægt að takast á við ný verkefni innan fullorðinsfræðslu til að mæta margskonar ytri áskorunum. Fulltrúar Leiknar lögðu fram sína skýrslu um þróun og horfur á Íslandi, hvað væri vel gert og hvað mætti gera betur. Allir lögðu mikla áherslu á virkni og aðlögun flóttamanna en það er aðkallandi verkefni í ljósi flóttamannastraums til Evrópu. Ísland tekur þátt í þessari umræðu og getur lært mikið af reynslu og frumkvæði frændþjóðanna. Raunfærnimat og þróun fjarkennslu bar einna hæst af faglegum málefnum en stjórnsýslulega þá glímdu norrænir samstarfsaðilar við bæði fjármögnunar- og kerfislegan vanda. Mikið var rætt um hvaða verkefni fræðsluaðilar ættu að taka að sér til að uppfæra alþýðu- og fullorðinsfræðslu og ná til breiðari hóps þátttakenda s.s. yngra fólks og jaðarhópa.

Leikn tekur líka þátt í samstarfi fullorðinsfræðsluaðila innan EAEA evrópusamtakanna (European Association for the Education of Adults). Leikn hefur hingað til ekki sótt fundi á þeirra vegum heldur fengið upplýsingar frá norrænum samstarfsaðilum um framgang mála. Aukinn kraftur hefur verið settur í starf EAEA og það tengt annarri grasrótarvinna s.s. EPALE (Electronic Platform for Adult Learning in Europe). EAEA hefur einnig ráðist í margskonar verkefni til að auka skýrleika og vinna að sameiginlegum hagsmunum. Samtökin gefa út fréttabréf og standa fyrir átaksverkefnum og könnunum á stöðu fullorðinsfræðslu í Evrópu. Þá funda þau oft saman á netinu s.s. til að heyra skoðanir annarra á t.d. „Manifesto for adult learning in the 21st century. The Power and Joy of Learning“. Innan stjórnar Leiknar er nú rætt um að sækja einn samstarfsfund EAEA á ári og tengjast þannig samtökunum betur.



Þá hefur Leikn einnig kynnt vefslóðir sem varða nám alla ævi í veffréttabréfum sínum og gert þannig þann fróðleik aðgengilegan fyrir alla félagsmenn. Hér er um að ræða margskonar fróðleik, skýrslur eða átaksverkefni frá Unesco Institute for lifelong learning, Cedefop og NVL.

2.6. Samstarfs- og þróunarverkefni

Leikn tekur þátt í innlendum og erlendum samstarfs- og þróunarverkefnum á þann hátt að virkja stjórnarmenn eða stofnfélaga til þátttöku. Á starfsárinu var unnið að þremur samstarfsverkefnum:

Fullorðinsfræðsla og lykilhæfni náms (Folkbildning and validation of key competences)

Leikn hefur undanfarið tekið þátt í norrænu samstarfsverkefni um hlutverk og þróun lykilhæfni innan fullorðinsfræðslunnar. Nordisk Netværk for Voksnes Læring (NVL) stýrði verkefninu sem hófst í lok árs 2013 og nefndist þá „Bonus Kompetanser“. Þar var vísað í hæfni sem gott væri að búa yfir í nútímasamfélagi. Vinnuhópurinn sá þó fljótlega að verið væri að vinna með hæfni sem væri afar mikilvæg í daglegu lífi og einbeitti sér eftir það að umfjöllun um lykilhæfni eins og hún er skilgreind á evrópska vísu. Skýrsla vinnuhópsins kom út í október 2015 og var kynnt á ráðstefnu í Kaupmannahöfn í júní, til að sannreyna nálgunina og safna frekari gögnum. Hulda Arnljótsdóttir kom inn í þetta verkefni í stað Hildar Betty 2014 og sótti þrjá fundi í þessu verkefni á starfsárinu.



NVL endurgreiddi flug og gistingu en Leikn borgaði dagpeninga. Skýrsla vinnuhópsins hefur fengið ágætar viðtökur hjá norrænum fullorðinsfræðsluadilum þar sem niðurstöðurnar eru taldar nýttast í fræðslu fyrir flóttamenn og innflytjendur. Skýrslunni er ætlað að hvetja fullorðinsfræðsluadila til að vinna með lykilhæfni í gegnum margskonar kennslu- og samtalsaðferðir ásamt því að ákveða aðferðir til mats út frá stöðu einstaklinga. Lögð er áhersla á sveigjanlegar aðferðir til að mæta þátttakendum þar sem þeir eru staddir hverju sinni og forðast eina aðferð fyrir alla.

GOAL (Guidance and Orientation for Adult Learners)

Leikn á fulltrúa í samráðshópi vegna Erasmus + verkefnis sem FA er aðili að. Verkefnið kallast GOAL (Guidance and Orientation for Adult Learners) og snýst um ráðgjöf og leiðsögn fyrir fullorðna námsmenn. Verkefnið miðar að því að þróa leiðir fyrir heildstæða ráðgjafarþjónustu fyrir hópa í samfélaginu sem sækja síður í nám. Byggt verður á þjónustu sem er nú til staðar í löndunum og lögð áhersla á meiri árangur með auknu samstarfi allra hagsmunaaðila. Verkefnið hófst formlega 1. febrúar 2015 og er undir forystu flæmska mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Belgíu en önnur samstarfslönd eru Holland, Tékkland, Slóvenía, Litháen og Tyrkland. Verkefnið er til þriggja ára og er upphæð fjármagns í framkvæmd hér á landi tæpar 63 milljónir íslenskra króna.

Samstarfsaðilar FA í verkefninu eru Mímir-símenntun og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Í samráðshópi eru auk þess fulltrúar frá Fangelsismálastofnun, Rauða kross Íslands, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Leikn og Vinnumálastofnun. Fulltrúi Leiknar er Guðrún Vala Elísdóttir hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands.



Fullorðinsfræðsla, flóttamenn og virkni á vinnumarkaði

Ákveðið var innan Nordic Baltic samráðshópsins að sækja um sameiginlegt verkefni til norrænu ráðherranefndarinnar til að kortleggja aðferðir sem hvetja til virkni og þátttöku í námi og störfum.

Verkefnið er ætlað að þróa aðferðir til að þjónusta flóttamenn og aðstoða þá til virkrar þátttöku.

Áhersla er lögð á eflingu mannauðs innflytjenda og að virkja þau til þátttöku á vinnumarkaði í gegnum nám og þjálfun. Helstu verkþættir eru: að safna þekkingu bæði hagnýtum og í gegnum rannsóknir, samstarfsfundir bæði staðbundnir og á netinu, að læra af öðrum þjóðum, miðla til annarra, búa til fjölmiðlaefni s.s. stuttmyndir, prentgrip og rafrænt efni. Einnig dreifing á niðurstöðum bæði erlendis í vinnusmiðjum og innanlands. Framvegis og Símenntunarmiðstöð Vesturlands taka þátt í verkefninu fyrir hönd Leiknar. Umsóknin var samþykkt í apríl og fer því af stað af fullum krafti vorið 2016.



norden

Norræna ráðherranefndin

F.h. stjórnar Leiknar,

Hulda Anna Arnljótsdóttir, formaður.

Félagsaðilar Leiknar árið 2015-2016

1. **Austurbrú**, Tjarnarbraut 39, 700 Egilsstaðir – Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri (jona@austurbru.is)
2. **Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands**, Hvanneyri, 311 Borgarnesi – Guðrún Lárusdóttir endurmenntunarstjóri (gurra@lbhi.is).
3. **Farskólinn - miðstöð símenntunar á NV landi**, Faxatorgi, 550 Sauðárkróki – Bryndís Kristín Þráinsdóttir framkvæmdastjóri (bryndis@farskolinn.is).
4. **Félagsmálaskóli alþýðu**, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík – Eyrún Björk Valsdóttir skólastjóri (eyrun@felagsmalaskoli.is)
5. **Fjölmennt**, Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík – Helga Gísladóttir forstöðumaður (helgag@fjolmennt.is)
6. **Framvegis miðstöð símenntunar**, Skeifan 11b, 108 Reykjavík – Sólveig Hildur Björnsdóttir framkvæmdastjóri (solveighildur@framvegis.is)
7. **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**, Skipholti 50b, 105 Reykjavík – Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri (ingibjorg@frae.is)
8. **Fræðslumiðstöð Vestfjarða**, Suðurgata 12, 400 Ísafjörður – Smári Haraldsson forstöðumaður (smari@frmst.is)
9. **Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi**, Tryggvagata 13, 800 Selfoss – Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri (eyjolfur@fraedslunet.is)
10. **Fræðslusetrið Starfsmennt**, Skipholti 50b, 105 Reykjavík – Hulda Anna Arnljótsdóttir framkvæmdastjóri (hulda@smennt.is)
11. **IDAN-Fræðslusetur**, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík – Hildur Elín Vignir framkvæmdastjóri (hildur@idan.is)
12. **Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum**, Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ – Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður (ina@mss.is)
13. **Mímir-símenntun**, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík – Hulda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri (hulda@mimir.is)
14. **Námsflokkar Hafnarfjarðar**, Menntasetrið við Lækinn, 220 Hafnarfirði – Theodór Hallsson skólastjóri (teddi@hafnarfjordur.is)
15. **Námsflokkar Reykjavíkur**, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík – Iðunn Antonsdóttir forstöðumaður (idunn.antonsdottir@reykjavik.is)
16. **SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar**, Þórsstíg 4, 600 Akureyri – Erla Björg Guðmundsdóttir (erla@simey.is)
17. **Símenntunarmiðstöð Vesturlands**, Bjarnarbraut 8, 300 Borgarnes – Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri (ingadora@simenntun.is)
18. **Viska – símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja**, Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar – Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður (viska@eyjar.is)
19. **Þekkingarnet Þingeyinga**, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík – Óli Halldórsson forstöðumaður (oli@hac.is)